

Ed.

448. Nefndarálit

[247. mál]

um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og fengið um það umsögn ríkisskattstjóra. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

Ríkisskuldabréf og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXIII fjárlaga fyrir árið 1974, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskirteinin skulu skráð á nafn eigenda.

2. 2. gr. orðist svo:

Happdrættisskuldabréf þau, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXVI fjárlaga fyrir árið 1974, skulu lúta ákvæðum laga nr. 99/1971 um framtalsfrelsi, skattfrelsi, verðtryggingu og aðra skilmála, eftir því sem við getur átt. Fjármálaráðherra ákveður fjárhæð vinninga í hverjum flokki og setur reglugerðir um einstaka flokka með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd fjárlagaheimilda og laga þessara.

Alþingi, 5. mars 1974.

Ragnar Arnalds,
form., frsm.

Páll Þorsteinsson,
fundaskr.

Bjarni Guðbjörnsson.

Geir Hallgrímsson.

Jón Árm. Héðinsson.

Halldór Blöndal.